

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**6. fundur 2020 (99. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 09.11.2020 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Einar Jón, Steinþór og Skúli tóku þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

**1. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi NA svæðis vegna nýs þjónustuvegar frá Aðalgötu**

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi NA svæðis vegna þjónustuvegar frá Aðalgötu hafa verið auglýstar og eftir að frestur til að gera athugasemdir við skipulagið rann út liggja eftirfarandi umsagnir fyrir. Umsagnirnar eru í aðalatriðum bæði um aðalskipulagið og deiliskipulagið.

- Minjastofnun 2.11.2020. Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu og gerir stofnunin engar athugasemdir við skipulagstillöguna.
- Reykjanesbær 8.10.2020 og 30.10.2020. Gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna, en gerir fyrirvara um að ekki sé gert ráð fyrir vegtengingunni í aðalskipulagi Reykjanesbæjar, en samþykkir bráðabirgðatengingu vegarins á meðan endurskoðun aðalskipulags bæjarins er í vinnslu.
- Umhverfisstofnun 21.10.2020. Gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.
- Isavia 30.10.2020. Isavia hefur framkvæmt áhættumat með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja til grundvallar að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar er lýtur að öryggi flugumumferðar, umferðaröryggi og áhrifum á innviði. Niðurstaða áhættumatsins er að tillögurnar að skipulagsbreytingum hafi ekki áhrif á fyrrgreinda þætti.
- Vegagerðin. Gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Vegagerðin minnir á að þegar ráðist verður í framkvæmdir við mislæg vegamót á Reykjanesbraut samkvæmt skipulagsáætlunum þarf að endurskoða legu þjónustuvegarins og tengingu hans við þjóðvegakerfið.

- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja 12.10.2020. Gerir athugasemd varðandi efnisvinnslusvæði (millilager) að steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum flokkast undir starfsleyfissskylda starfsemi. Komi til slíkrar starfsemi á efnisvinnslusvæðin þarf viðeigandi rekstraraðili að sækja um starfsleyfi þess efnis. Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar.
- Veðurstofa Íslands 08.10.2020. Gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.
- Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf 29.09.2020. Gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Bendir á að hugað sé að efnisvinnslusvæðum, hönnun jarðmana og öðrum varanlegum þáttum með það fyrir augum að hamla ekki uppbyggingu svæðisins til framtíðar. Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til mögulegrar tengingar almenningssamgangna um svæðið við hönnun vegarins.
- Landsnet 24.09.2020. Gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar óbreytta eins og hún var auglýst. Jafnframt samþykkti skipulagsnefndin deiliskipulagsbreytinguna óbreytta eins og hún var auglýst með fyrirvara um staðfestingu á ofnagreindri breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.

## 2. Fyrirspurn Isavia vegna olútanka við Háaleitishlað

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 05.11.2020, þar sem óskað er eftir heimild til að staðsetja nýja olútanka til bráðabirgða á Eystrahlaði.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við þessa staðsetningu, en bendir á að sækja þarf um stöðuleyfi fyrir eldsneytistankana til Reykjanesbæjar. Ennfremur þarf að fá umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um staðsetningu tankanna.

## 3. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Kynnt var að skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar hafa tekið gildi.

## 4. Vegtenging frá Verne Global hf

Kynnt var afgreiðsla Reykjanesbæjar til Skipulagsstofnunar vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi fyrir vegtengingu frá Verne Global hf.

## 5. Hlíðahverfi í Reykjanesbæ, deiliskipulag

Kynnt var tillaga að deiliskipulagi Hlíðahverfis í Reykjanesbæ, dags. 25.03.2020. Fram kom að uppbygging hverfisins verður ekki í bága við nýsamþykktar skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar.

## 6. Áform Kadeco um Flugvallaborg á Ásbrú norður

Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri Kadeco kynnti skipulagsvinnu félagsins vegna áforma um uppbyggingu Flugvallaborgar á Ásbrú norður.

Fram kom í umræðum um kynninguna það mat skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar að flugbrautakerfið væri grunnurinn að allri uppbyggingu á flugvellinum. Þurfi öll önnur skipulagsvinna að taka mið af uppbyggingu þess til mjög langs tíma.

**7. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 14. desember 2020 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)